

Republik ehf  
Seljavegi 2  
101 Reykjavík



Vestmannaeyjum 1. júní 2016  
UST201605-123/P.V.B.  
09.06.01

## Efni: Umsókn um kvikmyndatökuleyfi – Norðlingaháls innan Reykjanesfólkvangs

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Republik fyrir hönd Otto Films, dags. 17. maí 2016, vegna leyfis til kvikmyndatöku við Norðlingaháls á Vigdísarvallarvegi innan Reykjanesfólkvangs þann 2. júní 2016.

Reykjanefolkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingi í Stjórnartíðindum B nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

### Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða töku á auglýsingu fyrir finnskan grænmetisrétt. Tökur fara fram á Norðlingahálsi, á Vigdísarvallarvegi um 4,2 km frá vegamótum Krísuvíkurvegar. Þar stendur til að taka upp um 80-150 metra norðan við veginn. Þar er lítt mosagróður og almennt gott aðgengi. Farið verður fótgangandi á staðin með myndavél og önnur tæki. Gert er ráð fyrir að settur verði upp lítil varðeldur á svæðinu. Um er að ræða gaseld (minni en 1 fermetri) á undirlagi úr gifsi eða steinull. Til stendur að staðsetja einn tækjatrúkk, eina aðstöðurútu, eitt ferðaklösett á kerru, tvær litlar rafstöðvar og um 5 fólksbíla (sumir 9 manna smárútur) á sjálffum veginum, en þó þannig að einfalt verður að komast framhjá. Að tökunum koma 33 starfsmenn og 8 leikrar. Áætlað er að koma á svæðið um kl. 14.00 og klára eigi síðar en kl.22.00.

### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur svo framkvæmdin muni ekki hafa neikvæð áhrif á svæðið ef tekið er tillit til meðfylgjandi skilyrða.

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leiti kvikmyndatökur við Norðlingaháls þann 2. Júní 2016 að uppfylltum neðangreindum skilyrðum.

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tökur hefjast og þegar frágangi líkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka. Óheimilt er að leggja bílum utan vega við vegstæðin. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka.
- Afmá skal öll ummerki um kvikmyndatökurnar á svæðinu þegar þeim er lokið.
- Ganga skal snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.

- Óheimilt er að raska gróðri og jarðminjum.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Gæta skal að eldvörnum svo eldur berist ekki í gróður á svæðinu.
- Kynna skal fyrir starfsfólki kvíkmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tökur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tökunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.


Umhverfisstofnun bendir á að samþykki landeigenda þarf fyrir tökununum. Eins þarf umsækjandi að tilkynna framkvæmdina til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Slökkvilið Grindavíkur.


#### Eftirlit

Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit með framkvæmdinni og frágangi. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir kvíkmyndagerðar og myndatökur á friðlýstum svæðum er 52.600 kr., sbr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústsóttir  
Sviðstjóri

  
Þórdís Vilhelmina Bragadóttir  
Sérfræðingur